



# Fundur nr. 3

Árnesi 31.01.2019

## Fundargerð

**03. fundar í Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018-2022. 31.01.2019 kl. 20:00**

**Staður: Árnes, fundarherbergi.**

Mætt til fundar : Jónas Yngvi Ásgrímsson, Matthías Bjarnason og Sigprúðar Jónsdóttur. Auk þess Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri. Sigprúður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá:

1. **Erindi frá sveitarstjórn um trjágróður og skógarlundi, sem Bergur Þór Björnsson sendi sveitarstjórn varðandi skógarlundi í sveitarfélaginu.**

Umhverfisnefnd ætlar að boða Berg Þór að á næsta fund nefndarinnar og kynna þessa hugmynd.

2. **Staðfesting á kjöri í Vatnanefnd. Tilnefning í vatnasvæðanefnd.**  
Umhverfisnefndar tilnefna Sigprúði Jónsdóttur og Jónas Ásgrímsson til vara. Sveitarstjórn samþykkti það.

3. **Samkvæmt fundargerð sveitarstjórnar 09.01.2018, kynnti Landsvirkjun áform sín um fyrirhugaðar framkvæmdir. Þær eru framkvæmd við Sultartangavirkjun, færsla á brú yfir Sultartangaskurð, uppbygging vegar að Hjálparfossi og göngubrú yfir Þjórsá við Búrfellskóg. Umhverfisnefnd óskar eftir kynningu á þessum atriðum frá Landsvirkjun.**

SJ. MB Jón



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6014 Fax: 486 6091 Kennitala 540602-4410 [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

Varðandi uppbygginu á vegi að Hjálparfossi vill umhverfisnefnd minna á að hér verður að taka tillit til þess að svæðið er í friðlýsingarferli.

Umhverfisnefnd vill fylgjast vel með þessum áformum Landsvirkjunar um stækkun Sultartangavirkjunar vill fá frekair upplýsingar og gögn. Sérstaklega er mikilvægt að vita hvort lónshæð verði breytt.

5. Rætt um alvarlega stöðu sorpmála á Suðurlandi vegna óflokkaðs úrgangs sem hingað til hefur verið urðaður. Nefndarmenn taka unir bókun Önnu Sigríðar Valdimarsdóttur á síðasta fundi sveitarstjórnar, 23. janúar 2019 sem hljóðar svo: „Það er að mínu mati dapurleg niðurstaða og skortur á framsýni ef það er talið vænlegasti kostur að flytja sorp út yfir Atlantshafið til þess að brenna því í öðru land, með tilheyrandi kostnaði, orkueyðslu og mengun við flutninginn.“

6. Sigprúður sagði frá nýjum áherslum í skipulagsmálum þar sem umhverfissálfræði er tekin inn í skiplagið. Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög fengið umhverfissálfræðinga til liðs við sig í slíkri vinnu. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl 10:10

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Matthías Bjarnason

Sigprúður Jónsdóttir